

56 Austur-Skaptafellssýslu og suðurumdæmi Íslands megi eptirleiðis losast við helming prests-
25. febr. mótu þeirrar að upphæð 180 pund smjörs, er hvílir á tjeðum jörðum gegn því að greiða í peningum 1170 kr., sem sje varið til að kaupa handa Bjarnanes og Hoffellsprestakalli 4% ríkisskuldabryjef, er verði skrásett í innritunarbók fjárhagsstjórnarinnar, en vextirnir af þeim gangi til hlutaðeiganda sóknarprests.

Þetta læt jeg ekki hjálíða hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og ítarlegri ráðstöfunar.

57 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skipun prestakalla.
28. febr. — Í frumvarpi því til laga um skipun prestakalla, er alpingi hefir samþykkt, og sem hefir öðlazzt staðfestingu konungs 27. þ. m., er það í 3. gr. ákveðið, að árgjöld þau, er greiða skal frá hinum betri prestaköllum til hinna rýrari, skuli sem mest greiða með fasteignum (kirkjújörðum) eða afgangi fasteigna, og þar sem því ekki verði komið við, í peningum. Að því er þetta snertir, hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 24. sept. f. á. látið í ljósi, að ef lagafrumvarp þetta næði staðfestingu, þá mundi það vera samhljóða við reglurnar í hinni nefndu grein, að auglýsa þau prestaköll, er uppbót eiga að fá, og sem nú eru laus, og sem framvegis verða laus, þannig, að uppbótin sje ákveðin í peningum með upphæð þeirri, sem til er tekin í 1. gr. frumvarpsins, en þó með því skilyrði, að í stað uppbótarinnar megi samkvæmt ákvörðununum í 3. gr. koma kirkjujarðir eða afgangi af þeim.

Ráðgjafinn er að vísu samdóma yður um það, að í auglýsinguna um, að embætti þessi sjeu laus, beri að setja slíkt almennt skilyrði, þegar ákvarðanirnar í ofanefndri grein gefi tilefni til þess, en hinsvegar fær ráðgjafinn ekki sjeð, að þess verði getið í auglýsingunni, hvaða kirkjujarðir eða gjöld síðarmeir muni látin í stað peningagjaldsins, því þar sem eins og þjer, herra landshöfðingi, hafið bent á, þess getur orðið langt að biða, að slíkt komist í kring, mundu jarðir þær, sem um væri að ræða, á millibílinu geta verið búnar að taka þeim breytingum, sem nauðsynlegt væri að taka tillit til, þegar þær fyrir fullt og allt væru afhentar, en slík afhending yrði að líkindum, að svo miklu leyti, sem kirkjujarðirnar sjálfar ætti að afhenda, að vera byggð á mati óvilhallra manna, sem fyrir rjetti væru kvaddir til að virða jarðirnar, á þeim tíma, er þær eða afgangi þeirra ætti að koma í stað peningagjaldsins.

Að því, sem sjeð verður, getur að vísu áætlun sú, sem um leið og lögin öðlast gildi, yrði gjörð um jarðir þær eða jarðaragjöld, sem koma eiga í stað peningagjaldsins, að eins verið til bráðabirgða, en samt mundi það haganlegt og til leiðbeiningar fyrir landstjórnina við framkvæmd laganna, eins og þjer, herra landshöfðingi hafið stungið upp á, að koma nú þegar til leiðar slíkri áætlun, og ætti hún að vera byggð á yfirliti yfir þær einstöku kirkjujarðir og afgangi þeirra í heild sinni, sem eiga að leggjast til annara prestakalla til þess, að ljetta af peningauppbótinni handa þeim. Ráðgjafinn fellst því á tillögur yðar, herra landshöfðingi, í þessu efni, og tekur það einungis fram, sem þjer hafið látið í ljósi, að það verður að vera regla, að sú jörð, sem á þennan hátt er lögð til einhvers prestakalls, á að vera í sama prófastsdæmi og það.

Að öðru leyti getur ráðgjafinn eigi varizt þeirrar athugasemdar, að það virðist ósanngjarnt gagnvart hinum gjaldskylda presti, að neyða hann til að láta af hendi kirkjujörð eða afgangi hennar, ef hann heldur kys að borga með peningum, og það munu prestar almennt á hinum betri brauðum vera færir um að gjöra. Það hefði því sjálf-

sagt verið heppilegra, að reglan hefði verið gefin þannig, að hún einungis hefði leyft að greiða peningagjöldin með landaurum. Sömuleiðis er ástæða til að ætla, að það optast muni reynast óhaganlegt að taka kirkjujarðir undan þeim prestaköllum, sem þær hingað til hafa legið undir, því almennt mun hægt að ná til þeirra þaðan, og að ágreiningur og efi um, hverjum beri rjettur eða skylda til að byggja viðkomandi jarðir, muni rísa af því, að bæta upp önnur prestaköll með jarðarafgjöldum eða hluta af þeim. Af þessum ástæðum virðist það æskilegt, að ákvörðunum í 3. gr. verði að öllum jafnaði beitt sem minnst að mögulegt er, og er vert í því tilliti að taka fram, að lögin virðast ekki veita hlutaðeigandi prestaköllum neinn rjett til að heimta peningauppbótina greidda á þann hátt, sem getur um í 3. gr., en hinsvegar ganga út frá því, að landstjórnin hafi óbundnar hendur til að koma því skipulagi á, sem henni eptir kringumstæðunum þykir haganlegast.

Að því er snertir það atriði í ákvörðun 5. gr., að uppbætur þær úr landssjóði, er þar um getur, skuli greiddar annaðhvort með afgangi af gjöldum þjóðjarða eða með peningum, þá verður ráðgjafinn að vera herra landshöfðingjanum samdóma um, að eigi sje ástæða til að beita hinni fyrnefndu ákvörðun, þar eð uppbótin úr landssjóði að eins er um stundarsakir, enda verður ekki mögulegt á þennan hátt að spara nein umboðslaun; eins og alþingi mun hafa ætlað, því að það getur ekki komið til mála, að selja byggingarráð jarðanna í hendur presti þeim, er að eins til bráðabirgða nýtur afgangi jarðanna í stað peningauppbótar.

Að því loksins snertir 4. gr. lagafrumvarpsins, þá hefir ráðgjafanum eins og yður, herra landshöfðingi, þótt ýmislegt verulega viðsjárvert við það, hvornig hún er orðuð, en ráðgjafinn hefir samt einkum sökum sambands þess, er grein þessi stendur í við lög um skipun sóknarnefnda, og sökum þess, hvornig þjer, herra landshöfðingi, hafið skilið þýðingu ákvarðananna í þessari grein og hina tilætluðu framkvæmd þeirra, álitid að eigi bæri að leggja þá áherzlu á þessa galla, að lagafrumvarpinu af þessari ástæðu skyldi synjað um staðfesting.

Loks skal því viðboett, að lagafrumvörp þau, er alþingi hefir samþykkt um sóknarnefndir og um eptirlaun presta hafa öðlast staðfesting konungs, en út af frumvarpinu um skyldur presta til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, hefir ráðgjafinn skrifað lífsábirgðar- og framfærslustofnuninni frá 1871.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um alþingisfrumvarp til laga um smáskammtalækningar.* — Eptir allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans hefir hans hátign konunginum þóknast hinn 27. þ. m. að fallast á, að lagafrumvarp það um smáskammtalækningar, er alþingi síðastliðið ár samþykkti, skuli ekki öðlast staðfesting konungs. 58 28. febr.

Þar eð ráðgjafinn hefir getað fallist á athugasemdir þær, er þjer herra landshöfðingi í þóknanlegu brjefi frá 9. október f. á. hafið gjört um lagafrumvarp þetta, skal nú að eins tekið fram það, er hjer segir.

Eins og þjer herra landshöfðingi hafið látið í ljósi, er lagafrumvarp þetta í beinni mótsögn við allar þær ráðstafanir, er frá hálfu löggjafarvaldsins hafa verið gjörðar til þess, að sjá íbúum landsins fyrir vísindalega menntuðum læknum, og skal í því efni vísað til laga 15. okt. 1878 um aðra skipun læknahjeraðanna á Íslandi, laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík og hinnar miklu fjárveitingar (um 50000 kr. árl.) er